

5. gr.

Heimaþjónusta sem innt er af hendi eftir 1. janúar 1983 skal greidd eftir gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gatnagerðargjöld í Gerðarhreppi í Gullbringusýslu nr. 19 7. janúar 1980.

2. mgr. 4. gr. orðist svo:

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast tvisvar á ári þ. e. 1. apríl og 1. október í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Gerðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um heimilisþjónustu í Hveragerði.

1. gr.

Hreppsnefnd Hveragerðis fer með stjórn heimilisþjónustu í Hveragerði.

2. gr.

Hlutverk heimilisþjónustunnar er að útvega aðstoð á heimilum, aðra en hjúkrun. Þjónusta þessi stendur þeim til boða, sem þurfa á aðstoð að halda við heimilisstörf vegna elli, sjúkdóma, örorku, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum að tilvísun læknis eða hjúkrunarkonu eða öðrum tilvísunum, sem hreppsnefnd metur gilda.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni og ákveður hvaða form skuli vera á umsóknnum um heimilisþjónustu.